

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

815. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 2. desember 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Mötuneytismál í grunnskóla Húnaþings vestra.
2. Boð um aukaárþing SSNV.
3. Bréf Innanríkisráðuneytisins.
4. Bréf Landgræðslu ríkisins.
5. Erindi Gudrunar Kloes.
6. Bréf Skíðadeildar Tindastóls.
7. Bréf Umboðsmanns Alþingis v/ starfsloka Guðmundar R. Erlendssonar.

Afgreiðslur:

1. Sviðsstjóri og rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Sveitarstjóri skýrði frá fundi, sem hann ásamt rekstrarstjóra, og umhverfisstjóra áttu með Umhverfisstofnun varðandi sorpmál. Farið yfir helstu verkefni sem unnið er að s.s. vinnu við aðalskipulag, klórrými við ípróttamiðstöð, snjómokstur, jólaskreytingar, ýmislegt viðhald ofl.
2. Rætt um möguleika þess að breyta rekstrarfyrirkomulagi mötuneytis Grunnskóla Húnaþings vestra á Hvammstanga og Laugarbakka þannig að frá haustinu 2014 verði skólamáltíðir keyptar af veitingaaðila sem jafnframt væri reiðubúinn að skuldbinda sig til rekstrar veitingahúss á heilsárs grundvelli á Hvammstanga. Til grundvallar voru lagðar fram samanteknar upplýsingar frá sveitarstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs um kostnað við rekstur mötuneytisins og kostnað annarra sveitarfélaga v/ aðkeypra skólamáltíða. Jafnframt var greint frá því að málið hefur verið kynnt fyrir Esther Hermannsdóttur, sviðsstjóra fjölskyldusviðs, Sigurði Þór Ágústssyni, skólustjóra og Jónu Halldóru Tryggvadóttur, matráði. Byggðarráð samþykkir að fela oddvita, sveitarstjóra og Elínu R. Líndal að höfðu samráði við sviðsstjóra fjölskyldusviðs, skólustjóra grunnskóla, matráð og lögmenn Ríkiskaupa að vinna að frekari undirbúningi málsins.
3. Fram lagt bréf frá framkvæmdastjóra SSNV þar sem boðað er til aukapings SSNV fimmtudaginn 5. desember nk. kl. 14:00 á Mælifelli á Sauðárkróki. Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir vinnu sem fram hefur farið innan stjórnar SSNV og í vinnuhóp sem skipaður var til að undirbúa umrætt aukaping. Byggðarráð samþykkir að tilnefna sveitarstjóra sem aðalmann í nýrri stjórn óstofnaðs byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks og formann byggðarráðs til vara. Þar sem ekki liggur fyrir endanleg útfærsla á samþykktum fyrir byggðasamlagið, þá situr Elín R. Líndal hjá við afgreiðslu þessa máls.
4. Lagt fram bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 26. nóvember sl. þar sem tilkynnt er að leyfilegt hámark útsvars árið 2014 hefur verið hækkað um 0,04% úr 14,48% í 14,52% Breytingarnar eru í samræmi við efni viðauka sem gerður hefur verið við samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 23. nóvember 2010 um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk. Ákvörðun um útsvarsprósentu í Húnaþingi vestra vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.

5. Fram lagt bréf Landgræðslu ríkisins þar sem óskað er fjárstuðnings við verkefnið „Bændur græða landið“ á árinu 2014. Byggðarráð getur ekki orðið við erindinu.
6. Fram lagt erindi Gudrunar Kloes þar sem hún óskar eftir heimild fyrir takamörkuðu búfjárhaldi að Teigagrund 8 á Laugarbakka. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til umsagnar landbúnaðarráðs.
7. Fram lagt bréf Skíðadeildar Tindastóls þar sem óskað er eftir fjárstuðningi við rekstur deildarinnar á árinu 2014. Byggðarráð getur ekki orðið við erindinu.
8. Fram lagt bréf Tryggva Gunnarssonar, umboðsmanns Alþingis v/ kvörtunar Guðmundar R. Erlendssonar á uppsögn hans úr starfi verkstjóra áhaldahúss Húnaþings vestra.

Í bréfi Umboðsmanns Alþingis kemur m.a. fram að í kvörtun Guðmundar telji hann sig uppfylla öll skilyrði um menntun og reynslu sem komu fram í auglýsingu um nýtt starf rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs. Þá sé í kvörtun Guðmundar m.a. gerður samanburður á menntunar og hæfniskröfum sem komu fram í auglýsingu og hæfni Guðmundar. Við uppsögn þurfi að liggja fyrir að aðstæður gefi tilefni til svo íþyngjandi aðgerðar. Þá kemur fram sú afstaða lögmanns Guðmundar að ekki hafi verið málefnalegar ástæður til uppsagnar hans. Sveitarfélaginu hefði borið að flytja hann til í starfi og bjóða honum hið nýja starf í stað þess að segja honum upp.

Húnaþing vestra svaraði þessum umkvörtunum Guðmundar með bréfi til umboðsmanns Alþingis dags. 10. október 2013 ásamt því sem öll gögn málsins voru send umboðsmanni.

Í niðurstöðu umboðsmanns Alþingis kemur fram að hann hafi farið yfir öll gögn málsins og komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri tilefni til að aðhafast frekar í tilefni kvörtunarinnar, um þetta segir umboðsmaður m.a. orðrétt „Ég fæ því ekki séð af gögnum málsins að til grundvallar uppsögninni hafi legið ómálefnaleg sjónarmið. Þá er ekkert fram komið í kvörtuninni eða gögnunum sem gefur tilefni til að ætla að í tilviki Guðmundar hafi verið óheimilt að segja honum upp störfum nema að undangenginni áminningu. Þá tel ég að atvik málsins eins og þau eru rakin hér að framan gefi ekki tilefni til frekari athugunar af hálfu umboðsmanns Alþingis. Hef ég þá einkum í huga að í kjölfar uppsagnarinnar var nýtt starf rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs auglýst laust til umsókna en Guðmundur var ekki meðal umsækjenda um starfið. Með vísan til alls framangreinds tel ég ekki tilefni til að aðhafast frekar í tilefni kvörtunar yðar. Lýk ég því hér með meðferð minni á málinu, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.“

Samþykkt að taka á dagskrá:

9. Fram lagðar upplýsingar frá fjallskiladeildum Miðfirðinga og Víðdælinga um aukakostnað við göngur og leitarstörf sem deildirnar urðu fyrir nú í haust sökum þess að flýta þurfti göngum vegna óveðurs. Samþykkt að veita fjallskilastjórn Miðfirðinga 412.000 kr. fjárstyrk og fjallskilastjórn Víðdælinga 486.000 kr. fjárstyrk vegna ófyrirséðs viðbótarkostnaðar við göngur og leitir haustið 2013. Sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs falið að leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar viðauka við fjárhagsáætlun 2013 vegna þessa liðar.

10. Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir stöðu viðræðna við eigendur Reykjatanga ehf. um endurskoðun á samningi um rekstur skólabúða að Reykjum í Hrutafirði.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:00

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal

Leó Örn Þorleifsson..

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Sigurður Kjartansson.